

Mál nr. 1/2009

**Katla
gegn
KSÍ**

Kæra Kötlu

Vík í Mýrdal, 5. maí 2009

Til aga og úrskurðarnefndar KSÍ

Ákærði: **Mótanefnd KSÍ. Laugardal – 104 Reykjavík**

Umsókn Ungmennafélagsins Kötlu um þátttöku meistaraflokks karla í knattspyrnu í 3. deild sumarið 2009 hefur verið hafnað. Ungmennafélagið telur að mótanefnd hafi með vali sínu á liði KFK brotið gróflega gegn eigin reglugerðum um þátttöku félaga í mótum á vegum KSÍ.

Staðreynd málsins er sú að KFK er B-lið 3. deildarliðsins Álftanes. Þrátt fyrir að spilað sé undir öðru nafni og kennitölu eru hagsmunarárekstrarnir greinilegir þar sem KFK hefur á að skipa leikmönnum Álftnesinga. Talið er víst að vitneskja um tengsl þessi hafi legið fyrir frá fyrsta degi. Í grein 13.2 í nýsamþykktum lögum KSÍ um knattspyrnumót kemur eftirfarandi fram:

“13.2. Í landsmótum getur aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti, nema mótareglurkveði á um annað.”

Fordæmi eru fyrir því að lið efri deilda séu með B-lið sín í 3. deild en hingað til hefur ekkert þeirra komist upp um deild. Engin fordæmi eru hins vegar fyrir því að félag sendi tvö lið í sömu deildina, enda er það skýlaust brot á ofangreindri reglugerð.

Eftir samtal talsmanns liðs Kötlu við Birki Sveinsson mótastjóra KSÍ varðandi valið þá segir Birkir að aðstaða, „infrastrúktúr“ og leikmannafjöldi Álftnesinga hafi verið þess valdandi að B-lið þeirra hlaut náð fyrir augum mótanefndar. Þessu hafnar Katla algerlega. Fyrir lá að Katla hefði heimavöll sinn í Vík í Mýrdal þar sem aðstaða til knattspyrnuíðkunar er til fyrirmyndar (ekki er langt síðan hún var stórbætt fyrir Landsmót Ungmennafélaganna). Leikmannafjöldi Kötlu er yfir 20 leikmenn. Félagið hefur á að skipa þjálfara, liðstjóra auk forráðarmanna. Þar með hafnar félagið ofangreindum ummælum Birkis.

Ungmennafélagið Katla telur sig hafa uppfyllt öll þau skilyrði sem sett voru fyrir þátttöku í 3.deild 2009 og telur sig sig knúið til þess að leggja fram formlega kæru til KSÍ. Kæra þessi er lögð fram á þeim forsendum að tengsl KFK og Álftaness séu slík að mótshald KSÍ geti beðið alvarlega álitshnekki fyrir vikið. Félagið fer jafnframt fram á það að ákvörðunin verði endurskoðuð á grundvelli ofangreindra raka og Ungmennafélaginu Kötlu veittur þáttökuréttur í Íslandsmóti karla í knattspyrnu, 3.deild sumarið 2009.

Með von um farsæla niðurstöðu.

Fyrir hönd Ungmennafélagsins Kötlu



Guðný Sigurðardóttir, Kt: 201061-5559

Suður-Hvoli - 871 Vík, Sími: 487-1411

Greinargerð frá KSÍ

Svar við kæru UMF Kötlu á hendur mótanefnd KSÍ

Með tilvísan til kæru UMF Kötlu, vill mótanefnd KSÍ koma á framfæri neðangreindri greinargerð vegna málsins.

Snæfell hætti þátttöku í 3. deild karla

Þann 27. apríl sl. sendi Snæfell fax þess efnis að þeir væru hættir við þátttöku í 3. deild karla. Þar sem um er að ræða neðstu deild kom ekki til þess að flutt væri lið í deildina skv. reglum þar að lútandi. Í fljótu bragði var bara eitt í stöðunni þ.e. að fella niður leiki Snæfells í mótinu og láta aðra leiki standa. Ljóst er að slíkt myndi hafa töluverð áhrif á mótahaldið þar sem einungis fimm lið stæðu eftir í C riðli 3. deildar, sem væri ekki góð lausn fyrir þessi lið.

Þó að frestur til að tilkynna þátttöku renni út 20. janúar ár hvert auglýsti mótastjóri í samráði við tvo aðila úr mótanefnd, eitt laust sæti í 3. deild í von um að eitt félag kæmi inn og tæki sæti Snæfells. Þannig yrði komið í veg fyrir að leikjum myndi fækka í mótinu.

Áhuginn fyrir þessu lausa sæti var framar vonum. Fjöldi fyrirspurna kom sem leiddu til þess að þrír aðilar sóttu um.

Ákvörðun mótanefndar

Á fundi nefndarinnar 4. maí sl. var ákveðið hvaða félag tæki sæti Snæfells. Þar sem stutt var í mót var ákveðið að velja það félag sem að mati nefndarinnar myndi best vera fallið til að standa að fullu við þær skyldur sem fylgja því að tilkynna lið í Íslandsmóti meistaraflokks, t.d. hvað varðar leikvöll, stjórnun, aðild að ÍSÍ o.fl.

Var það mat nefndarinnar að umsókn KFK hefði verið best unnin og þeir sem eru í forsvari fyrir félagið uppfylltu þetta best. Þess ber að geta í þessu samhengi að umsókn KFK er eina umsóknin sem staðfest er af formanni félagsins, Ásgrími H. Einarssyni. Hann er margreyndur í störfum að knattspyrnumálum sem þjálfari, dómari stjórnarmaður ofl. Vóg það þungt að nefndin hafði meiri trú á að KFK gæti staðið við þær skuldbindingar sem fylgja því að tilkynna lið í mót á vegum KSÍ heldur en UMFK (utandeildaliðið Vængir Júpiters).

Kæra UMFK

Í greinargerð UMFK kemur fram að þeir telja að með þessari ákvörðun sé verið að brjóta ákvæði 13.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Augljóst er að svo er ekki þar sem umsóknin er frá KFK sem er aðili að ÍSÍ, sjálfstætt félag og er ekki hluti af UMF Álftaness. Í gr. 13.1 kemur fram að öll aðildarfélög KSÍ eiga rétt á að taka þátt í mótum nema mótareglur kveði á um annað. Engin ákvæði í mótareglum takmarka keppnisrétt félaga þó að um einhver tengsl sé að ræða.

Í þátttökutilkynningu KFK kemur fram að veruleg tengsl eru á milli KFK og UMFÁ

Í mótum meistaraflokks er fjöldi félaga sem hafa mikil og bein tengsl sín á milli. Ekkert í reglum KSÍ kemur í veg fyrir slíkt. Sem dæmi hafa eftirfarandi félög mikið og öflugt samstarf, deila t.d. í sumum tilfellum leikvelli, lána leikmenn á milli, reka sum sameiginlegan 2. flokk o.fl. og er þessi listi ekki tæmandi:

ÍR og Léttir

Leiknir R. og KB
HK og Ýmir
Haukar og ÍH
KR og KV

Ekkert í reglum KSÍ bannar slíkt samstarf. Í raun má færa rök fyrir því að slíkt geti verið grundvöllur að starfsemi „litla félagsins“, því þau hafa gjarnan enst stutt í deildarkeppninni án slíks baklands. Eru mörg dæmi um það, t.d. Deiglan, Markaregn, Númi, en þau voru ekki í tengslum við rótgróin félög.

Reglugerð KSÍ um félagaskipti gerir engan greinarmun á því hvort félögin eigi samstarf sín á milli eða ekki. Ekki er því neinn hagur fyrir viðkomandi leikmenn eða félög, hvað varðar flutning milli félaga, að vinna náíð með öðrum félögum:

Mótanefnd KSÍ telur sig hafa við þennan gjörning farið að fullu eftir þeim reglum sem gilda þegar svona mál koma upp. Nefndin telur að með því að fara þessa leið að bæta við nýju liði í mótið hafi hún haft hag knattspyrnunnar að leiðarljósi og í fullu samræmi við það vald sem henni er falið í 12. gr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og á engan hátt brotið í bága við ákvæði 13.2, enda er KFK sjálfstætt félag sem hefur skýran rétt til að taka þátt í mótum sbr. gr. 13.1 í sömu reglugerð.

Kæruheimild

KFK var eina félagið sem er aðili að ÍSÍ (aðildarfélag KSÍ) sem sótti formlega um (sjá meðfylgjandi umsóknir). Hin „félögin“ bentu í raun bara á það félag sem leikið yrði fyrir ef þátttaka yrði samþykkt. Formleg umsókn barst því ekki frá UMFK og því má færa rök fyrir því að UMFK sé formlega ekki aðili að þessu máli og vísa eigi málinu frá.

F.h. mótanefndar KSÍ

Birkir Sveinsson,
mótastjóri

Meðfylgjandi

Útprintun af vef KSÍ þar sem auglýst er eftir nýju félagi í 3. deild
Afrít af fundargerð mótanefndar frá 4. maí 2009.
Afrít af þátttökutilkynningu KFK
Afrít af þátttökutilkynningu Vængja Júpiters
Afrít af þátttökutilkynningu FC Kayak
Útprintun af vef UMSK
Útprintun af vef Keilufélagsins Keilu

Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Úrskurður Aga- og úrskurðanefndar KSÍ

Ár 2009, föstudaginn 15. maí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið mál nr. 1/2009
Ungmennafélagið Katla
gegn
Mótanefnd KSÍ

Gögn málsins merkt nr. 1-10 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R

I.

Kærandi: Ungmennafélagið Katla
Fyrirsvarsmenn: Guðný Sigurðardóttir og Jón Trausti Kárason

Kærði: Mótanefnd KSÍ
Fyrirsvarsmaður: Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ

Mál þetta var móttekið af skrifstofu KSÍ þann 7. maí s.l. Kærða var gefinn kostur á að skila greiðargerð með bréfi dagsettu sama dag og barst greinargerð kærða nefndinni þann 12. maí s.l.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að ákvörðun mótanefndar KSÍ að KFK tali sæti Snæfells í C-riðli 3. deildar Íslandsmóts karla sumarið 2009 verði endurskoðuð og Ungmennafélaginu Kötlu verði veittur þáttökuréttur.

Kærði krefst þess að ákvörðun mótanefndar KSÍ um að KFK taki sæti Snæfells í C-riðli 3. deildar Íslandsmóts karla sumarið 2009 standi óhögguð.

II.

Frávísun:

Kærði krest þess að málinu verði vísað frá þar sem formleg umsókn hafi ekki borist frá Ungmennafélaginu Kötlu heldur hafi verið bent á það félag sem leikið yrði fyrir ef þáttaka yrði samþykkt. Jafnframt sé KFK eina félagið sem er aðila að ÍSÍ (aðilarfélag KSÍ).

Í máli þessu liggur fyrir að þann 27. apríl s.l. tilkynnir Snæfell að það hætti við þáttöku í 3.deild kara sumarið 2009. Mótanefnd KSÍ ákvað í framhaldi af því að auglýsa eitt laust sæti í 3. deild. Þrjár umsóknir bárust frá KFK, Ungmennafélagsins Kötlu og FC Kajak.

Á fundi mótanefndar þann 4. maí s.l. voru þessar umsóknir lagðar fram og þær allar metnar gildar. Er krafa kærða um frávísun málsins því þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Eins og fram kemur hér að ofan hætti Snæfell við þáttöku í Íslandsmóti 3. deildar og mótanefnd KSÍ ákvað að auglýsa eitt laust sæti í deildinni þrátt fyrir að frestur til að tilkynna þáttöku hafi runnið út þann 20. janúar s.l. Nokkrar fyrirspurnir bárust en einugist þrjár sem leiddu til umsókna um sætið þ.e. frá KFK, UMF Kötlu og FC Kajak. Nefndin ákvað á fundi sínum þann 4. maí að velja það félag sem að hennar mati væri best til þess fallið að standa að fullu við þær skyldur sem fylgja því að vera með lið í Íslandsmóti meistaraflokks, t.d. hvað varðar leikvöll, stjórnun, aðild að ÍSÍ o.fl. Var umsókn KFK metin best og m.a. bent á að hún var eina umsóknin sem staðfest væri af formanni félags innan ÍSÍ/UMFÍ. Var KFK í framhaldi af því veittur keppnisféttur á Íslandsmóti 3. deildar 2009.

IV.

Kærandi byggir kröfur sínar á ákvæði gr. 13.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en þar segir að í landsmótum geti aðeins tekið þátt eitt lið frá hverju félagi í hverju móti, nema mótareglur kveði á um annað KFK sé B-lið 3 deildarliðsins Áltanes og því sé um skýrt brot á þessu ákvæði reglugerðarinnar.

V.

Kærði byggir kröfur sínar á því að ekki sé um að ræða brot á gr. 13.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem umsókn sú sem hér um ræðir hafi komið frá KFK sem sé sjálfstætt félag og aðili að ÍSÍ en ekki frá Ungmennafélagi Álftaness.

VI.

Niðurstaða:

Í máli þessu er deilt um það hvort KFK sé sjálfstætt félag eða hvort um sé að ræða B-lið Ungmennafélags Álftaness. Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að KFK er sjálfstætt félag með sjálfstæða stjórn þótt veruleg tengsl séu á milli þessara tveggja félaga. Verður því að líta svo á að KFK hafi ótvíræðan rétt til að taka þátt í mótum skv. gr. 13.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og að mótanefnd KSÍ sé ekki að brjota grein 13.2. í sömu reglugerð með því að heimila KFK að taka sæti Snæfells í Íslandsmóti 3. deildar sumarið 2009.

Með vísan til framanritaðs er kröfu Ungmennafélagiss Kötlu um að félagið taki sæti Snæfells í 3. deild karla 2009 í stað KFK hafnað.

VII.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun mótanefndar KSÍ um að KFK taki sæti Snæfells í 3. deild karla sumarið 2009 stendur óhöggð.

VIII.

Um áfrýun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- úrskurðarmál er frestur til að áfrýja til Áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frádagar ekki taldir með.

Helgi R. Magnússon

Gunnar Guðmundsson

Sigurður I. Halldórsson